

# **Stefnumótun í vinnuvernd 2014-2020**

Niðurstöður vinnuverndarráðstefnu

Grand Hótel, 24. október 2013

## Efnisyfirlit:

<b>Stefnumótun í vinnuvernd 2014-2020</b> .....	1
Niðurstöður vinnuverndarráðstefnu .....	1
Grand Hótel, 24. október 2013.....	1
A: Samstarf atvinnulífsins og Vinnueftirlitsins .....	5
A-1: Hvert á umfang og inntak samstarfsins að vera? .....	5
1. Atvinnulífið / samstarfsaðilar .....	5
2. Fræðsla.....	5
3. VER / eftirlit.....	5
4. Öryggisnefnd .....	5
5. Atvinnurekendur .....	5
6. Starfsmenn.....	6
7. Stjórnvöld.....	6
8. Áhættumat.....	6
9. Slys .....	6
A-2: Hvernig eflum við samstarfið? .....	6
1. Fræðsla.....	6
2. Vinnueftirlitið .....	6
3. Atvinnulífið / samstarfsaðilar .....	7
4. Atvinnurekendur .....	7
5. Öryggisnefnd .....	7
6. Slys .....	7
7. Stjórnvöld.....	7
8. Starfsmenn.....	8
B: Hvernig getum við eftl áhuga og vitund um mikilvægi vinnuverndar? .....	9
B-1: Hverjir eru hagsmunaaðilar og hvert er hlutverk þeirra?.....	9
1. Atvinnurekendur/eigendur/stjórnendur.....	9
2. Starfsmenn.....	9
3. Allir/samfélagið/fjölskyldan .....	10
4. Stjórnvöld.....	10
5. Samtök á vinnumarkaði/hagsmunasamtök .....	10
6. Eftirlit .....	10
7. Öryggisnefndir.....	11
8. Menntakerfið/nemendur .....	11
9. Aðrir .....	11
B-2: Hvernig eigum við að ná til hagsmunaaðilanna?.....	11
1. Áróður/hvatning/upplýsingamiðlun .....	11
2. Fræðsla/þjálfun .....	12
3. Kerfisbundið vinnuverndarstarf á vinnustöðum .....	12
4. Eftirlit .....	12
5. Ábyrgð/kröfur/góðar fyrirmyndir .....	12
6. Samstarf/samráð hagsmunaaðila .....	13
C: Skipulag vinnuverndarstarfs á vinnustöðum .....	14
C-1: Hvað þarf til að efla vinnuverndarstarf á vinnustöðum ?.....	14
1. Stjórnendur .....	14
2. Vinnumarkaður .....	14
3. Eftirlit/fræðsla .....	14
4. Stjórnvöld.....	14
5. Launþegar/starfsmenn.....	15
6. Fyrirtækin.....	15
7. Samtök á vinnumarkaði/Hagsmunasamtök .....	15

8. Atvinnurekendur/ eigendur .....	15
9. Menntakerfið/Nemendur .....	16
C-2: Hver eiga verkefni öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða að vera? .....	16
1. Öryggistrúnaðarmenn (ÖT) .....	16
2. Öryggisnefnd - Kerfisbundið vinnuverndarstarf.....	16
3. Öryggisverðir (ÖV).....	17
4. Hagsmunaaðilar .....	17
5. Lög og reglugerðir .....	17
6. Kröfur/ góðar fyrirmyndir .....	17
D: Áhættumat á vinnustað .....	18
D-1: a) Eru einhverjir hvatar við að innleiða áhættumat á vinnustað?.....	18
1. Kostnaður.....	18
2. Vinnuvernd.....	18
3. Ímynd .....	18
4. Gerð áhættumats.....	18
5. Sjúkdómar og slys.....	18
6. Þekking.....	18
7. Annað .....	18
D-1: b) Eru einhverjar hindranir við að innleiða áhættumat á vinnustað? .....	19
1. Tímafrekt.....	19
2. Annað .....	19
3. Sálrænt.....	19
4. Tilgangslaust.....	19
5. Kostnaður.....	19
D-2: Hvað þarf til að áhættumat á vinnustað skili bættri vinnuvernd á vinnustaðnum? .....	19
1. Upplýsingaflæði .....	19
2. Eftirfylgni .....	19
3. Samvinna.....	20
4. Kostnaður.....	20
5. Ábyrgð.....	20
6. Tími .....	20
7. Fræðsla.....	20
E: Atvinnusjúkdómar og álag .....	21
E-1: Álag á vinnustað. Er það vinnuverndarmál? .....	21
1. Starfsmaður/ vinnuskipulag .....	21
2. Félagslegir/andlegir þættir.....	21
3. Stjórnendur/stjórnun .....	21
4. Húsnæði/opið rými .....	21
5. Lög og reglur .....	21
6. Eftirlit .....	21
7. Fræðsla.....	22
8. Vinnutími/hvildartími.....	22
9. Líkamlegt álag .....	22
10. Upplýsingatækni .....	22
E-2: Hvernig eigum við að bregðast við atvinnusjúkdómum? .....	22
1. Forvarnir.....	22
2. Stjórnun/skipulag.....	22
3. Rannsóknir .....	23
4. Fræðsla.....	23
5. Endurhæfing.....	23
6. Skráning.....	23
7. Lög og reglugerðir .....	23
F: Vinnuslys – núll-slysastefna .....	24

F-1: 0-slysa stefna sem raunhæft markmið í vinnuvernd .....	24
F-2: Ábyrgð aðila í slysavörnum .....	25
Stjórnendur .....	25
Starfsmenn .....	25
Hið opinbera .....	25
Vinnueftirlitið .....	25
Fræðsluaðilar - fræðsla .....	25
Samfélagsleg ábyrgð .....	25
Frjálsar umræður á borðum A-F .....	26
A . Borð um samstarf atvinnulífs og Vinnueftirlits .....	26
B. Borð um eflingu áhuga og vitund um mikilvægi vinnuverndar.....	26
C. Borð um skipulag vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.....	27
D. Borð um áhættumat á vinnustað .....	27
F. Borð um núll-slys og ábyrgð.....	28

# A: Samstarf atvinnulífsins og Vinnueftirlitsins

## A-1: Hvert á umfang og inntak samstarfsins að vera?

Gerð er grein fyrir öllum atriðum sem nefnd voru og þeim ráðað eftir því hversu oft þau voru nefnd.

### 1. Atvinnulífið / samstarfsaðilar

Fjöldi = 45

Atvinnulífið og samstarfsaðilar eiga að koma sér upp sameiginlegri stefnu, efla gagnasöfnun um atvinnulífið og vinnuvernd. VER og atvinnulífið eiga að starfa saman sem ein heild. Efla þarf samstarf þessara aðila við stéttarfélögin og sín á milli með því m.a. að koma upp samstarfshópum, t.d. um fræðslu í skólum, því sem betur má fara, samstarf um rannsóknir, fjármögnun, upplýsingamiðlun og reglusetningar.

Skýr rammi þarf að vera um samstarfið og tryggja verður sjálfstæði VER. VER verður alltaf að gæta hlutleysis. VER starfi með öllum aðilum atvinnulífsins. Stjórnarmenn mega ekki vegna áhrifa sinna hafa áhrif á forgangsröðun í starfi VER. Stjórnarmenn ættu að hitta starfsmenn VER einu sinni á ári. Koma þarf upp þekkingarhópum VER og atvinnulífsins. VER og stjórn VER þurfa í sameiningu að þrýsta á málefni VER við ráðuneytið.

Koma þarf upp Vinnuverndarskóla atvinnulífsins með þátttöku allra viðkomandi aðila.

### 2. Fræðsla

Fjöldi = 12

Fræðsla frá VER þarf að koma fyrir og auka þarf upplýsingaflæði frá VER til atvinnulífsins. VER verði á "Facebook". Fræðslumiðstöð gæti leyst málið. Auka fræðslu fyrir ungt fólk um slys og slysavarnir. Auka þarf fræðslu til stjórnenda um lög og reglur um vinnuvernd t.d. með því að koma fræðslunni inn í skólana.

### 3. VER / eftirlit

Fjöldi = 12

VER á að vera leiðbeinandi. Efla þarf eftirfylgni frá VER og forgangsröðun ætti að vera þar sem mest hætta er á vinnuslysum.

Áhersla í eftirliti ætti að vera á vinnuverndarmál en ekki á fjáröflun. Forvarnir ættu að vera aðalatriðið með áherslu gegn atvinnutengdum sjúkdómum og slysum. VER á að sjá til þess að farið sé að settum reglum til að tryggja öryggi og heilsu. Fjölga skyndiskoðunum og heimsóknum án tilkynningar.

Efla þarf VER til að það geti betur sinnt hlutverki sínu. Koma upp broskörlum.

### 4. Öryggisnefnd

Fjöldi = 8

Sinna þarf betur þjónustu við öryggistrúnaðarmenn t.d. með því að setja upp skóla, bæta nýliðafræðslu og endurmenntun þeirra, sbr. það sem tíðkast á Norðurlöndunum. Öryggistrúnaðarmaður þarf að vera jafn mikilvægur og félagslegur trúnaðarmaður. Auka þarf vægi hans.

### 5. Atvinnurekendur

Fjöldi = 8

VER á að vera leiðbeinandi í vinnuvernd en atvinnurekendur ábyrgir. SA þarf að gera samræmdar kröfur í vinnuverndarmálum t.d. um gerð verksamninga. Fyrirtæki og stofnanir þurfa að sjá hag sinn í því að stuðla að vinnuvernd.

## 6. Starfsmenn

Fjöldi = 5

Bæta þarf öryggismenningu og öryggisvitund starfsmanna í fyrirtækjum með því að efla fræðslu um forvarnir og hlutverk og ábyrgð starfsmanna. Starfsmenn eiga að geta óskað eftir úttekt VER á hlutum sem þarfnast úrbóta.

## 7. Stjórnvöld

Fjöldi = 5

Stjórnvöld þurfa að gera betur og efla vinnuverndarmál. Ef brotalöm er í löggjöf á stjórn VER að vinna saman að því að þrýsta á stjórnvöld um að breyta löggjöfinni.

## 8. Áhættumat

Fjöldi = 3

Áhættumat er gott tæki og þarf að leggja höfuðáherslu á að það sé nýtt. Himinn og haf er á milli þess hvernig áhættumat er nýtt hjá okkur og á Norðurlöndunum. Þar eru iðnaðarmenn teknir í fræðslu áður en þeir fá leyfi til að starfa.

## 9. Slys

Fjöldi = 2

Bændur tilkynna ekki eða skrá slys í landbúnaði. Kanna þarf hvernig má bæta úr þessu og fækka slysum.

### ***A-2: Hvernig eflum við samstarfið?***

Gerð er grein fyrir öllum atriðum sem nefnd voru og þeim ráðað eftir því hversu oft þau voru nefnd.

### **1. Fræðsla**

Fjöldi = 19

Samstarf verði eflt með auknu upplýsingaflæði, fræðslufundum, auglýsingum, herferðum, blaðaskrifum, kennsluefni og námskeiðshaldi. Tala þarf við fólk en ekki til fólks. Jafningjafræðsla. Gott að læra hver af öðrum. Bóndi tali við bónda.

Nýta þarf nútímatækni eins og "App, Facebook og Ttwitter". Stofna hópa á heimasíðunni eftir starfsgreinum. Opin gagnvirk lína þarf að vera á netinu, þannig auðveldast aðgengi inn í kerfi.

Meira samstarf þarf við háskólasamfélagið. Meiri fræðslu þarf um vinnuvernd í skólakerfinu. Meira mætti vera af útgefnu efni, fleiri námskeið. Dæmi: Bændablaðið.

VER á að leyfa atvinnurekendum að halda vinnuvélanámskeið á sínum vinnustað með leiðbeinanda frá VER en atvinnurekandi greiði fyrir námskeiðið.

### **2. Vinnueftirlitið**

Fjöldi = 14

Sýnileiki á vinnustöðum hefur minnkað. Dæmi: Þegar reistur er vinnupallur ætti VER að koma.

VER mætti fara oftár á vinnustaði, kynna starfsemi sína, afhenda bæklinga og gefa upplýsingar um heimasíðu. Efla þarf eftirfylgni með lögum og reglum.

Mögulegt þarf að vera að senda skilaboð á netfang VER og fá svar. Skilaboðum sé komið á framfæri.

VER mætti kynna starfsemi sína betur með auglýsingu í sjónvarpi og blöðum.

Hagræði væri að því að nýta eftirlitsmenn vegna vinnustaðaskírteina.

Tryggja þarf fjármagn til að VER geti sinnt hlutverki sínu svo vel sé.

VER á að hlusta betur eftir hugmyndum frá fyrirtækjum og vera sveigjanlegra gagnvart þeim.

### **3. Atvinnulífið / samstarfsaðilar**

Fjöldi = 12

Sameiginleg sýn á stefnu í vinnuvernd þarf að vera hjá launþegum, atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Fram komu skoðanir um að SA og hagsmunasamtök almennt á Íslandi væru einangruð frá hinum vinnandi manni og því endurspegli stjórn VER ekki skoðanir hins vinnandi manns almennt.

Efla mætti samstarf milli VER og trúnaðarmanna, t.d. með því að boða til funda með þeim og fá fram þeirra hugmyndir og þarfir um aukið samstarf. Með samráðsfundum mætti efla innra eftirlit í fyrirtækjum.

### **4. Atvinnurekendur**

Fjöldi = 9

SA er einangrað frá atvinnulífinu. Þess vegna vantar tengingu við VER í gegnum stjórnina. Atvinnurekendur þurfa að leita meira til VER en þeir gera í dag. Ekki bíða eftir að VER komi til þeirra. Fyrirtæki þurfa að taka meiri ábyrgð á vinnuverndarstarfinu.

Atvinnurekendur þurfa að gera sér grein fyrir þeim hag sem þeir hafa af samstarfinu við VER, t.d. aðlagað eftirlit og úrvalsfyrirtæki. Atvinnurekendur eru ekki nógu duglegir að sækja fræðslu hjá VER. Huga þarf að ástandi öryggismála hjá fyrirtækjum þegar valinn er verktaki við útboð. Þjónustuaðilar þurfa að vera virkari. Fyrirtæki þurfa að fá hrós ef þau eru með gott vinnuverndarstarf.

### **5. Öryggisnefnd**

Fjöldi = 4

Koma þarf upp öryggistrúnaðarmönnum í öllum fyrirtækjum. Efla þarf trúnaðarmannakerfið og fræðslu til trúnaðarmanna. Tryggja þarf samstarf öryggistrúnaðarmanns og félagslegs trúnaðarmans.

Það þarf að gera kröfu um fræðslu til þeirra sem eru að stofna fyrirtæki.

Kynna þarf öryggisnáms/vinnuvernd í skólum.

Kynning á OIRA út í fyrirtæki, samtök og atvinnulífið.

### **6. Sly**

Fjöldi = 4

Gott væri að geta flett upp slysum og geta séð hvar slyshættan er mest og hvað ber að forðast, t.d. 10 hættulegustu atriðin. Samræma þarf upplýsingar um slysatíðni. Vinnuslys ættu að tilkynnast líka til stéttarfélags hins slasaða.

### **7. Stjórnvöld**

Fjöldi = 2

Þjóðarsátt þarf að vera um vinnuvernd. Alþingi þarf að setja lög og leggja til nægilegt fjármagn.

## **8. Starfsmenn**

Fjöldi = 1

Til að efla vinnuvernd þarf aðkomu allra starfsmanna við mótun stefnu.



## B: Hvernig getum við eftir áhuga og vitund um mikilvægi vinnuverndar?

### B-1: Hverjir eru hagsmunaaðilar og hvert er hlutverk þeirra?

Gerð er grein fyrir öllum hagsmunaaðilum sem nefndir voru og þeim raðað eftir því hversu oft þeir voru nefndir. Jafnframt er greint frá því hvernig þátttakendur sáu hlutverk hvers og eins þeirra.

#### 1. Atvinnurekendur/eigendur/stjórnendur

Fjöldi = 25

Atvinnurekendum og eigendum fyrirtækja er skylt að vernda líf og heilsu starfsmanna þannig að þeir komi heilir heim úr vinnunni.

- Hlutverk atvinnurekenda/stjórnenda er að setja *stefnu í vinnuvernd* og fylgja henni eftir. Þeir þurfa að sjá til þess að farið sé eftir lögum og reglum og vera sjálfir góð fyrirmynd. Stjórnendur á öllum stigum þurfa að skoða viðhorf sín til öryggismála og breyta þeim - ef þau styðja ekki við öryggismenningu innan fyrirtækisins.
- Atvinnurekendur eru ábyrgir fyrir því að gert sé *áhættumat* og fylgja því eftir með reglubundinni endurskoðun. Stjórnendur þurfa að sjá til þess að áhættumati sé fylgt eftir í hvívetna.
- Atvinnurekendur eiga að efla áhuga starfsmanna og fá þá til að hugsa um vinnuvernd, m.a. með því að *fræða þá* með fyrirlestrum og annarri fræðslu. Einnig að atvinnurekendur/stjórnendur sækji sér sjálfir fræðslu um nýjungar á sviðinu. Áhersla þarf að vera á að þeir sem gegna trúnaðarstörfum fái aukna fræðslu um vinnuvernd.
- Leggja þarf áherslu á að verkkaupar bera *ábyrgð* og halda því á lofti. Sama gildir um verktaka og aðra framkvæmdaaðila. Kynna þarf verktökum sem koma inn á vinnusvæði þau viðmið/reglur sem gilda um vinnuvernd og hollustu og fylgja því eftir. Tryggja þarf að allir noti persónuhlífar og séu sýnilegir.
- Vinnuvernd þarf að vera sýnilegur hluti í rekstri fyrirtækisins til jafns við fjármál og gæðamál. Atvinnurekendur þurfa að átta sig á því að vinnuvernd hefur jákvæð áhrif á rekstur og gefur samkeppnisforskot. Reka þarf meiri áróður fyrir þessu þannig að almennur skilningur og áhugi verði á því.

#### 2. Starfsmenn

Fjöldi = 19

Starfsmenn þurfa að huga að því vernda heilsuna þannig að þeir fari heilir til vinnu og komi aftur heilir heim. Ávinningur starfsmanna þar sem vinnuvernd er í fyrirrúmi er betri heilsa og þroskandi og skemmtilegt ævistarf.

- Starfsmenn eiga að *taka þátt í að setja stefnu* um vinnuvernd og taka þátt í að *vinna áhættumatið* en það fær þá til að hugsa um eigin velferð.
- Allir starfsmenn hafa það hlutverk að vera *vakandi um alla þætti í umhverfinu* sem varða öryggi á vinnustað. Þeir eiga að vera virkir í að fylgja málum eftir og fara eftir reglum og viðmiðum um vinnuvernd. Forðast eigi að taka af þeim ábyrgð. Starfsmenn eiga að upplýsa deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmann um þá þætti sem ekki eru í lagi á vinnustaðnum. Ef viðhorfum starfsmanna til vinnuverndar er ábótavant þurfi þeir að breyta sjálfum sér.
- Mikilvægt að starfsmenn fái *fræðslu um vinnuvernd* og að henni sé viðhaldið.

- Huga þarf sérstaklega að almennum starfsmönnum sem ekki gegna sérstökum trúnaðarstörfum. Nefnt að starfsmenn í tilteknum starfsgreinum eigi rétt á heilsufarskoðunum en að því sé ekki nægilega framfylgt.

### 3. Allir/samfélagið/fjölskyldan

Fjöldi = 10

Ýmsir þátttakenda hafa víða sýn á hverjir eru hagsmunaaðilar í vinnuvernd og telja að samfélagið allt hafi hagsmuna að gæta. Bent á að flokka þurfi hagsmunaaðila eftir mikilvægi þeirra. M.a. eru nefnd stjórnvöld, sveitafélög, fyrirtæki, atvinnurekendur, starfsmenn, heilbrigðisstofnanir, menntakerfið, tryggingafélög, fjölskyldan og almenningur. Um flesta þættina er fjallað undir öðrum liðum. Hér skal þó eftirfarandi nefnt:

- Að almenningur eigi að vera vakandi fyrir hættum í umhverfinu og tilkynna þær til rétttra aðila.
- Að skyldur séu gagnvart fjölskyldunni að fara vel með sig í vinnu.

### 4. Stjórnvöld

Fjöldi = 9

Stjórnvöld eru talin stór hagsmunaaðili því með markvissri vinnuvernd í landinu verði til betra og samkeppnishæfara samfélags. Þeim mun færri starfsmenn sem verði fyrir atvinnusjúkdómum og örorku því meira dragi úr útgjöldum.

Hlutverk stjórnvalda sé að setja lög og reglugerðir og endurbæta regluverkið en einnig að leggja til fjármagn. Þetta skili sér í sparnaði þannig að kostnaður vegna heilsutjóns minnki. Stjórnvöld og stofnanir búi til umhverfi/ramma um starfsemi vinnustaða í landinu. Sveitafélög einnig nefnd í þessu samhengi.

Hið opinbera, ríki og sveitafélög þurfi einnig að huga að eigin starfsfólki og velferð þeirra.

### 5. Samtök á vinnumarkaði/hagsmunasamtök

Fjöldi = 8

Fram kemur að hlutverk hagsmunasamtaka sé að innleiða vinnuvernd.

Stéttarfélag/launþegasamtök eru sögð mikilvæg í þessu samhengi:

- Þau eigi að taka þátt í samstarfi um vinnuvernd, vera framkvæmdaraðilar, upplýsa og sýna eftirfylgni. Þau eigi að vera vakandi yfir því að atvinnurekendur framkvæmi áhættumat. Hlutverk þeirra einnig að fylgjast með því að öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir séu kjörnir þar sem við á.
- Nefnt er að félagslegir trúnaðarmenn ættu einnig að taka þátt í samstarfi og upplýsa um vinnuvernd.

Samtök atvinnurekenda eiga að sýna ábyrgð, vera framkvæmdaaðilar og upplýsa um vinnuvernd.

### 6. Eftirlit

Fjöldi = 5

Hlutverk eftirlitsstofnana að sjá til þess að farið sé eftir lögum og reglum og þessu sambandi er Vinnueftirlit ríkisins nefnt. Til að virkja fleiri í eftirlitinu var bent á að innleiða ætti þá reglu að eftirlitsmenn við véla- og tækjaskoðanir spyrji alltaf um áhættumat og öryggis- og heilbrigðisáætlanir.

Nefnt að undirverktakar geti ekki sinnt neins konar eftirliti þar sem þeir séu að selja þjónustu, eftirlitið verði að vera á höndum Vinnueftirlitsins.

Einnig nefnt að þar sem ábyrgðarskipting sé oft ójöfn á vinnustað sé þörf á meira eftirliti.

## 7. Öryggisnefndir

Fjöldi = 3

Hlutverk öryggisnefnda, öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða er að upplýsa samstarfsfólk sitt um öryggi og þannig hvetja samstarfsfólk til að huga að öryggi í vinnuumhverfinu.

## 8. Menntakerfið/nemendur

Fjöldi = 4

Hlutverk menntakerfisins er að fræða nemendur þannig að þeir “alist upp” í vinnuvernd. Byrja á snemma á skólagöngunni og kynna/innleiða vinnuvernd í lífsleiknitímum.

## 9. Aðrir

Fjöldi = 6

Aðrir hagsmunaaðilar sem eru nefndir eru tryggingafélög (2), lánastofnanir (1), þjónustuaðilar í vinnuvernd (1), heilbrigðisstofnanir (1) og arkitektar og hönnuðir (1).

- Hlutverk arkitekta og hönnuða er að hanna með tilliti til öryggis og vinnuverndar fyrir framkvæmd, notkun, viðhald og þríf.
- Þjónustuaðilar eru sérhæfð fyrirtæki í hlutverki ráðgjafa á sviði fræðslu, úttekta og eftirlits. Nefnt að þau þurfi að verða sýnilegri.

### ***B-2: Hvernig eigum við að ná til hagsmunaaðilanna?***

Gerð er grein fyrir öllum aðferðum sem nefndar voru og þeim ráðað eftir því hversu oft þær voru nefndar.

## 1. Áróður/hvatning/upplýsingamiðlun

Fjöldi = 30

Áróður/hvatning/upplýsingamiðlun voru oftast nefnd ásamt fræðslu sem leið til að ná til hagsmunaaðila. Fram kom hjá mörgum að gera þurfi vinnuvernd sýnilegri og auka umræðuna. Fjalla þurfi um vinnuvernd í fjölmiðlum, fara í markaðsátak og koma á vitundarvakningu, gera “heill heim úr vinnu” sem hluta af heilsuefningu. Ná þurfi bæði til almennings, vinnustaða, skóla, fjölskyldna og vinahópa. Umræður á þessum breiða vettvangi geti breytt menningunni.

Fjalla þarf meira um það sem vel er gert því það virkar sem fræðsla. Ná þarf til stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila varðandi fjárhagslegan ávinning af vinnuvernd/heilsuefandi vinnustað. Heilsustyrkir nefndir. Gera þarf vinnuverndina “sexý” með því að tengja hana við eitthvað sem einstaklingarnir þekkja og tengja sig við. Fylgja nútímanum, mismunandi eftir því til hvaða hóps á að ná. Sem dæmi var nefnt vinnuverndar-App.

*Sjónvarp, netmiðlar* – Auglýsingar talin áhrifarík leið sem nær til alls samfélagsins, þ.m.t. foreldra sem geti haft áhrif á börnin sín. Einnig stutt innskot í sjónvarpi, á netmiðlum, “banner” á barnaefni, myndbönd. Tryggja þarf fjármagn til þessa.

*Útgáfa* – Upplýsingabæklingur fyrir aðila sem eru að hefja rekstur fyrirtækis gæti komið vinnuvernd á framfæri, gæti verið sameiginlegur frá öllum eftirlitsstofnunum.

*Kynningar* – Kynna rannsóknir sem sýna fram á fjárhagslegan ávinning af vinnuvernd. Tölur tali sínu máli, stjórnendur skilja þær betur en annað. Einnig bent á að kynna góðar fyrirmyndir þar sem tekist hefur að draga úr fjarvistum/sjúkdómum með markvissum aðgerðum. Kynning á vinnuvernd í framhaldsskólum líka nefnd sem gagnleg leið.

*Gagnsæi í eftirliti* – Hafa niðurstöður eftirlits í fyrirtækjum gagnsætt með því að gera það opinbert á vefnum eða gefa fyrirtækjum broskarla.

*Umbun* - Nefnt að koma þurfi á umbun fyrir góða vinnuvernd, t.d. með lækkun trygginga.

## **2. Fræðsla/þjálfun**

Fjöldi = 30

*Skólar* - Mikilvægt er að hefja fræðslu snemma á ævinni, jafnvel í leikskóla. Margir nefndu að fræðsla um vinnuvernd ætti að vera fast kennsluefni í grunnskóla því “ala þyrfti börnin upp” í vinnuvernd til að öryggismenning yrði þeim í blóð borin. Einnig talað um mikilvægi vinnuverndar í starfsnámi og á háskólastigi. Vinnuskólar jafnframt nefndir. Mikilvægt að tengja milli skóla og atvinnulífs. Of seint að byrja þegar fólk kemur út í atvinnulífið.

*Jafningafræðsla* – Þegar ungt fólk á í hlut kom er ekki árangursríkt að vera með predikun að ofan heldur fá fræðslu frá jafningjum.

*Vinnustaðir* – Hinn vinnandi maður þarf að fá fræðslu um heilbriggt vinnuumhverfi. Atvinnurekendur þurfa að efla fræðslu og þjálfun með það að leiðarljósi að menn komi heilir heim úr vinnunni. Nefnt að miða þurfi fræðslu og þjálfun að ólíkum aðstæðum og einnig hafa hana á vettvangi. Í nýliðafræðslu er mikilvægt að fara yfir öryggismál fyrirtækisins og nota til þess ýmsar aðferðir í máli og myndum (NAPO). Einnig sýnisferðir þar sem vinnuaðstæður eru skoðaðar m.t.t. hættu og hvað ber að varast. Starfsmannadagar og starfsmannafundir með þemað vinnuvernd.

*Stéttarfélag* – Stéttarfélag þurfa að fræða um skyldur atvinnurekenda og réttindi starfsfólks.

*Fræðsla* – Efla þarf fræðslueild Vinnueftirlitsins svo stofnunin geti sinnt almennri fræðslu. Bent var á að gagnlegt væri að halda námskeið í að stofna fyrirtæki.

## **3. Kerfisbundið vinnuverndarstarf á vinnustöðum**

Fjöldi = 14

Atvinnurekendur þurfa að setja skýr viðmið um vinnuvernd á vinnustaðnum, því þeir ráða í raun hvernig menning myndast. Atvinnurekendur þurfa að ná til starfsmanna með því að sýna þeim traust, virkja þá og fræða og kveikja þannig áhuga á vinnuvernd. Koma á öryggismenningu og tryggja að starfsmenn skrái/tilkynni þegar frávik verða þannig að allir læri af því.

Hafa þarf reglulega fundi á vinnustöðum og gera öllum ljóst hvaða hættur skapist ef ekki er farið eftir öryggisreglum og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir viðkomandi, ef slys verður. Leggja þarf áherslu á að starfsmenn áhættumeti sjálfir þau verk sem þeir vinna hverju sinni.

Kynna þarf starfsmönnum réttindi sín og skyldur. Einnig nefnt að starfsmenn ættu að kynna sér starf öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða - og kynna sitt starf fyrir þeim.

Bent á að breyta þurfi reglugerðum þannig að það verði betri stýring á framkvæmd vinnuverndar í atvinnurekstri.

## **4. Eftirlit**

Fjöldi = 6

Tryggja þarf markvisst eftirlit með heimsóknum á vinnustaði og góða eftirfylgni. Miklu skiptir að viðhorf og viðmót sé jákvætt og að eftirlitsmenn séu góðar fyrirmyndir.

## **5. Ábyrgð/kröfur/góðar fyrirmyndir**

Fjöldi = 5

Bent á að skilgreina þurfi betur ábyrgð og mikilvægi samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála við mannvirkjagerð, bæði á hönnunar- og framkvæmdastigi. Skilgreina einnig ábyrgð verkkaupa, verktaka, undirverktaka og hönnuða.

Auka þarf skipulega kröfur öryggis- og heilbrigðismál í útboðsgögnum, t.d. áhættumat og öryggis- og heilbrigðisáætlun o.fl. Hvetur verktaka til fræðslu og þjálfunar. Áhættumat grunnur að öllu öryggi.

Verkkaupar þurfa gera skýrar kröfur til verktaka, Beina ætti viðskiptum til þeirra sem huga vel að öryggismálum, versla ekki við skussana.

## **6. Samstarf/samráð hagsmunaaðila**

Fjöldi = 2

Bent á að með virku samstarfi samtaka hagsmunaaðila og stjórnvalda sé hægt að efla vitund og áhuga á vinnuvernd. Einnig þurfi pólitískt samráð um stefnumörkun.

## C: Skipulag vinnuverndarstarfs á vinnustöðum

### C-1: Hvað þarf til að efla vinnuverndarstarf á vinnustöðum ?

Gerð er grein fyrir öllum atriðum sem nefnd voru og þeim raðað eftir því hversu oft þau voru nefnd.

#### 1. Stjórnendur

Fjöldi = 13

Stjórnendur þurfa að sýna vinnuverndarmálum skuldbindingu, marka skýra framtíðasýn í vinnuverndarmálum, vera jákvæðir og óhræddir við að sækja sér frekari þekkingu um málaflokkinn

Það er á ábyrgð stjórnenda að innleiða öryggismenningu í fyrirtæki/stofnun og auka og bæta:

- fræðslu
- þjálfun
- sýnileika

Vinnuverndarstarf verður alltaf samvinna stjórnenda, öryggisnefnda og hins almenna starfsmanns. Þar er mikilvægast að marka stefnu, hafa skýra framtíðarsýn, gera markvissar áhættugreiningar, sem eru uppfærðar reglulega með þátttöku allra og auka skilning á mikilvægi forvarnarstarfs.

Mikilvægt er að kenna rétta líkamsbeitingu árlega og veita upplýsingar um mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífennis sem hornsteinn allrar vinnuverndar.

#### 2. Vinnumarkaður

Fjöldi = 10

Vinnumarkaðurinn verður að gera sér grein fyrir því að það er allra hagar að vinnuverndarstarf sé gott og að það er samstarfsverkefni okkar allra. Áhættumat og öryggi á vinnustaðnum byrjar hjá okkur sjálfum.

Vinnuvernd þarf að vera sýnilegri fyrir aðila á vinnumarkaði svo þeir geri sér betur grein fyrir mikilvægi hennar.

Vinnumarkaðurinn á að vera partur af lausninni þegar við reynum að ná stjórn á lífstsílsjúkdómum. Þetta væri hægt að gera með því að vera með heilbrigðistefnur sem ýta undir hreyfingu og heilbrigðan lífstíl.

#### 3. Eftirlit/fræðsla

Fjöldi = 10

Auka þarf fræðslu stjórnenda með það í huga að auka áhuga og benda á ávinning af vinnuvernd.

Markvissari þjálfun í vinnuvernd til starfsmanna almennt og sérstaklega þarf að bæta fræðslu til nýliða á vinnumarkaði.

Vinnueftirlitið gæti verið duglegra að beina námskeiðum til vinnuveitenda, bæta þarf aðgengi að upplýsingum og auka upplýsingaflæði. Mögulega mætti auka samvinnu Vinnueftirlits og tryggingarfélaga varðandi upplýsingaflæði og námskeið.

#### 4. Stjórnvöld

Fjöldi = 9

Kynna þarf ávinning af vinnuverndarstarfi fyrir fólki. Vinnuvernd er ekki bara tími og kostnaður.

Umbuna ætti þeim fyrirtækjum sem standa sig vel, t.d. með broskalla merkingum á heimasíðu. Annar möguleiki væri að taka upp viðurkenningu / vottun sambærilega við jafnlaunavottun til fyrirtækja sem uppfylla ákveðin skilyrði.

Einfaldari gátlista fyrir vinnuslys.

Auka og bæta samvinnu milli aðila, t.d. milli VER og heilsugæslu.

Og síðast en ekki síst, “Peningar tala”. Leggja þarf mun meira fé í málaflokkinn “vinnuvernd”.

## 5. Launþegar/starfsmenn

Fjöldi = 7

Launþegar þurfa að fá upplýsingar og kennslu um hvað vinnuvernd er. Þá sérstakleg út frá vinnuumhverfi starfsmannsins, svo hann viti hvað eru heilsusamlegar og heilbrigðar vinnuaðstæður og geri sér betur grein fyrir skyldum sínum á vinnustaðnum.

Mikilvægt er að starfsfólk “á gólfi” taki líka þátt í skipulagi vinnuverndar og öryggisfundum því oft hafa starfsmennirnir mesta þekkingu á aðstæðum.

Auka þarf jákvæðni í garð vinnuverndarstarfa og bæta skilning á mikilvægi forvarnarstarfs.

## 6. Fyrirtækin

Fjöldi = 5

Mikilvægt er að til staðar sé virkur öryggistrúnaðarmaður og áhættumat sem er endurskoðað á tveggja ára fresti.

Fyrirtækin þurfa að hafa skilning á mikilvægi vinnuverndarstarfs og leitast við að byggja öryggismál inn í dagleg störf og hafa þau sýnileg t.d. með öryggispunktum.

Leitast þarf við að fyrirbyggja að misskilningur geti orðið á milli verkstjóra og öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða varðandi verksvið, nauðsynlegt að vera með góða samvinnu á vinnustað.

Bæta mætti fræðslu til öryggistrúnaðarmanna svo þeir séu betur í stakk búnir að takast á við vinnuverndarverkefni á vinnustað.

## 7. Samtök á vinnumarkaði/Hagsmunasamtök

Fjöldi = 3

Í einhverjum tilvikum væri það til bóta fyrir starfsmenn að tengsl milli öryggistrúnaðarmanna og félagslegra trúnaðarmanna væru bætt. T.d. þegar sækja þarf bætur vegna slysa. Settar verði upp verklagsreglur um það að eftir vinnuslys sé einnig leitað til félagslegra trúnaðarmanna á vinnustöðum.

Fylgja vel eftir samstarfi milli tryggingafélaga og vinnumarkaðarins.

## 8. Atvinnurekendur/ eigendur

Fjöldi = 4

Atvinnurekendur þurf að hafa skýr markmið. Vinnuveitendur ættu að leggja til fjármagn til að fræða starfsfólk um vinnuvernd, vera opnir fyrir nýjum hugmyndum og vinna með starfsfólkinu að því að hafa góða vinnuaðstöðu fyrir alla.

Mjög mikilvægt að við ráðningu sé kynning á því hvernig vinnuverndarstarfið er hjá fyrirtækinu

## 9. Menntakerfið/Nemendur

Fjöldi = 1

Fræðslu um vinnuvernd sé beint inn í skóla í auknu mæli, þannig að fræðsla um vinnuverndarmál verði hluti af námsskránni.

### ***C-2: Hver eiga verkefni öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða að vera?***

#### **1. Öryggistrúnaðarmenn (ÖT)**

Fjöldi = 17

Verkefni öryggistrúnaðarmanna ættu að vera að:

- Taka við athugasemdum frá starfsmönnum og koma þeim til þeirra sem geta fylgt þeim eftir.
- Standa við bakið á starfsmönnum í öryggiskröfum og vinna að því að tryggja öryggi á vinnustað
- Virkja samstarfsmenn og vera gott fordæmi
- Fræða aðra um vinnuverndarmál og hafa sjálfir tíma til að fræðast
- Hafa afskipti af rétttri notkun persónuhlífa og öryggisblaða
- Vera sýnilegur og vekja áhuga samstarfsfólks
- Vera meðvitaður um stefnu og starfsferla

Mjög mikilvægt er talið að öryggistrúnaðarmaður (ÖT) hafi tíma til að vinna starf sitt, því að vera ÖT sé ekki bara bætt ofan á önnur störf. Gera mætti starfið eftirsóknarverðara með einhverskonar umbun.

Nokkrum fannst orðið öryggistrúnaðarmaður ekki vera nógu skýrt eða jafnvel hafa aðra merkingu á þeirra vinnustað og stungu upp á nafnabreytingu, t.d. vinnuverndartrúnaðarmaður.

Stungið var upp á því að vinnustöðum væri veitt aðhald í vinnuverndarmálum með því að ÖT skilaði árlega greinargerð til Vinnueftirlitsins um stöðu vinnuverndarmála á vinnustaðnum.

#### **2. Öryggisnefnd - Kerfisbundið vinnuverndarstarf**

Fjöldi = 16

Verkefni öryggisnefndar ættu að vera að:

- Fylgja eftir stefnu í vinnuverndarmálum
- Hvetja starfsmenn til að tjá sig um hvað betur megi fara með t.d. nafnlausum hugmyndabanka
- Fara skipulegar eftirlitsferðir og gera tímasettar útbótaáætlanir
- Vera samnefnari fyrir framkvæmd vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum
- Fylgjast með í vinnuverndarmálun
- Vera tvíhliða boðberar ekki bara kvörtunardeild.
- Vera tenging á milli vinnuveitenda og starfsmanna um alla starfsemina
- Gera áhættumat sem nær líka yfir nýliðakynningu og slysaskráningu með þátttöku allra.
- Halda reglulega öryggisfundi með starfsmönnum
- Passa upp á að starfsmenn noti réttar persónuhlífar og að starfsmenn slasi sig ekki

Öryggisnefnd á ekki að vera fulltrúi stéttarfélaganna, nefndin á að vinna að öryggi starfsmanna og fylgja eftir vinnuverndarmálum.



Nokkrum fannst orðið öryggisnefnd ekki vera nógu skýrt eða jafnvel hafa aðra merkingu á þeirra vinnustað og stungu upp á nafnabreytingu, t.d. vinnuverndarfulltrúar.

### 3. Öryggisverðir (ÖV)

Fjöldi = 14

Verkefni öryggisvarða ættu að vera að:

- Sjá um að vinnustaður uppfylli kröfur til vinnuverndar
- Fylgja eftir þjálfun starfsmanna
- Vera meðvitaður um stefnu og starfsferla
- Tryggja öryggi á vinnustaði
- Virkja samstarfsmenn í vinnuverndarmálum
- Hafa afskipti af rétttri notkun persónuhlífa og öryggisblaða
- Kynna sig og starfsvið sitt
- Vera góð fyrirmynd og hafi tíma til að fræða og fræðast

Mjög mikilvægt er talið að öryggisvörður (ÖV) hafi tíma til að vinna starf sitt, því að vera ÖV sé ekki bara bætt ofan á önnur störf. Gera mætti starfið eftirsóknarverðara með einhverskonar umbun.

Nokkrum fannst orðið öryggisvörður ekki vera nógu skýrt eða jafnvel hafa aðra merkingu á þeirra vinnustað og stungu upp á nafnabreytingu, t.d. vinnuverndarvörður.

Stungið var upp á því að vinnustöðum væri veitt aðhald í vinnuverndarmálum með því að ÖV skilaði árlega greinargerð til Vinnueftirlitsins um stöðu vinnuverndarmála á vinnustaðnum.

### 4. Hagsmunaaðilar

Fjöldi = 5

Margir töldu mikilvægt að við skráningu á slysum og slysatengdum fjarverum sé tenging/upplýsingamiðlun milli öryggisnefndar og félagslegra trúnaðarmanna. Einnig að ÖT og ÖV fylgi vinnuslysum vel eftir.

Það að vera með ÖT og ÖV er hið besta mál og mikilvægt að ekki sé dregið úr hlutverki þeirra.

Góð nýliðakynning getur skipt miklu máli þegar nýir starfsmenn hefja störf, ÖT og ÖV ættu að koma að þeirri kynningu út frá vinnuverndarmálum.

Fjöldi ÖT og ÖV verður að vera hæfilegur miðað við fjölda starfsmanna t.d. sérstaklega ef um er að ræða mjög stórar rekstrareiningar.

### 5. Lög og reglugerðir

Fjöldi = 1

Evrópureglugerðir og þróun: Haldið verði áfram að vinna í þeim anda sem fylgt hefur verið hingað til.

### 6. Kröfur/ góðar fyrirmyndir

Fjöldi = 1

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir eiga að vera góðar fyrirmyndir og ganga á undan með góðu fordæmi.

## D: Áhættumat á vinnustað

### D-1: a) Eru einhverjir hvatar við að innleiða áhættumat á vinnustað?

Gerð er grein fyrir öllum atriðum sem nefnd voru og þeim raðað eftir því hversu oft þau voru nefnd.

#### 1. Kostnaður

Fjöldi = 9

Sá kostnaður sem er lagt í vegna áhættumats skilar sér til baka til reksturs fyrirtækisins m.a. í formi fjárhagslegs ávinnings, aukinni framlegð, breytinga á verkferlum og meiri starfsánægju.

#### 2. Vinnuvernd

Fjöldi = 15

Áhættumatið kallar á auknar áherslur stjórnenda og starfsfólks á vinnuvernd um leið og áhættuhegðun heyrir sögunni til.

#### 3. Ímynd

Fjöldi = 6

Breyting verður á ímynd og ásýnd fyrirtækisins í formi ánægðara starfsfólks, jákvæðara viðhorfs til fyrirtækjanna sem hafa hlutina á “hreinu” auk þess sem ásókn í störf hjá slíku fyrirtæki verður meiri. Kallað er eftir viðurkenningu opinberra aðila til þeirra sem hafa skýra vinnuverndarstefnu, t.d “broskarla”

#### 4. Gerð áhættumats

Fjöldi = 6

Gerð áhættumats hvetur til samstarfs stjórnenda og starfsmanna að sameiginlegri velferð, um leið og það hvetur til gerð gegnsærra verkferla og skilvirkrar stjórnunar.

#### 5. Sjúkdómar og slys

Fjöldi = 7

Um leið og gott áhættumat dregur úr og kemur í veg fyrir slys tryggir það jafnframt að allir komi heilir heim að loknum vinnudegi. Gerð áhættumats hefur einnig jákvæð áhrif á réttarstöðu fyrirtækis og starfsmanna komi til vinnuslyss.

#### 6. Þekking

Fjöldi = 3

Samhliða gerð áhættumats er varpað nýju ljósi á innviði fyrirtækisins sem ekki hefði ella orðið.

#### 7. Annað

Fjöldi = 3

Gerð áhættumats ætti að hafa meiri áhrif á tíðni eftirlitsheimsóknna, um leið og það ætti að hafa áhrif á iðgjöld og þjónustu tryggingarfélaga sem fyrirtækin skipta við.

## ***D-1: b) Eru einhverjar hindranir við að innleiða áhættumat á vinnustað?***

### **1. Tímafrekt**

Fjöldi = 9

Það hve tímafrekt og kostnaðarsamt það sé að gera áhættumat virðist vera sú "mýta" sem hvað helst stendur í vegi fyrir gerð áhættumats um leið og óttinn við uppsöfnun annarra verkefna á sama tíma kemur í veg fyrir framkvæmd.

### **2. Annað**

Fjöldi = 6

Áhættumat er óspennandi orð þegar kemur að vinnuvernd og ætti frekar að tengja við gæði eða hag. Flækjustig við gerð þess er mikið um leið og það vantar fleiri vinnuumhverfisvísa.

### **3. Sálrænt**

Fjöldi = 4

Sálræn viðbrögð starfsmanna og stjórnenda geta haft áhrif á gerð áhættumats, þar sem fólk ber við þekkingar- og reynsluleysi, hræðslu við breytingar og hræðslu við ábyrgð ef slys verða eftir gerð áhættumats.

### **4. Tilgangslaust**

Fjöldi = 4

Tilgangur þess að gera áhættumat er ekki ljós þar sem ekki er tryggt að þær úrbætur sem gera þarf verði gerðar. Eyðsla á tíma og fyrirhöfn.

### **5. Kostnaður**

Fjöldi = 4

Kostnaður við úrbætur í kjölfar áhættumats fælir frá gerð þess. Skilningur á þörf þess er lítill.

## ***D-2: Hvað þarf til að áhættumat á vinnustað skili bættri vinnuvernd á vinnustaðnum?***

### **1. Upplýsingaflæði**

Fjöldi = 18

Mikilvægt er að upplýsingaflæði sé á milli allra starfsmanna innan fyrirtækis, sama hvaða tungumál þeir tala. Áhættumat sé kynnt þeim öllum og vettvangur sé til staðar til að koma ábendingum á framfæri.

### **2. Eftirfylgni**

Fjöldi = 17

Setja þarf skýrar reglur um eftirfylgni úrbóta og taka tillit til breytinga er kunna að verða í rekstri fyrirtækja. Að viðeigandi fagleg fræðsla um vinnuverndarmál standi öllum til boða hvort heldur er starfsmönnum eða stjórnendum.

### **3.Samvinna**

Fjöldi = 13

Samvinna stjórnenda og starfsmanna er mikilvægur hlekkur er kemur að gerð áhættumats. Breytingar á verkferlum þarf að vinna í samvinnu allra.

### **4. Kostnaður**

Fjöldi = 7

Tengja þarf gerð áhættumats við rekstraráætlun fyrirtækja þannig að gert sé ráð fyrir úrbótum er varða vinnuverndarstarf. Gera ávinning af vinnuverndarstarfi sjáanlegan.

### **5. Ábyrgð**

Fjöldi = 7

Að gera öllum skiljanlega ábyrgð sína er kemur að vinnuverndarstarfi.

### **6. Tími**

Fjöldi = 5

Nægilegan tíma þarf til að vinna að gerð áhættumats og að þeir sem til ráðast fái fullann stuðning

### **7. Fræðsla**

Fjöldi = 3

Fræðslu um vinnuverndarmál þarf auka í skólakerfinu og vera hluti af námi í stjórnendaþjálfun.

## E: Atvinnusjúkdómar og álag

### E-1: Álag á vinnustað. Er það vinnuverndarmál?

Gerð er grein fyrir öllum atriðum sem nefnd voru og þeim raðað eftir því hversu oft þau voru nefnd.

**Þátttakendur voru sammála um að álag á vinnustað er vinnuverndarmál.**

#### 1. Starfsmaður/ vinnuskipulag

Fjöldi = 24

Álag hefur áhrif á starfsmanninn þótt þolmörk séu mismunandi. Hæfilegt álag getur verið jákvætt en of mikið álag getur leitt til vandamála innan vinnustaðarins. Mikið álag getur leitt til aukinni slysatíðni; veikinda. Bæði andlegt og líkamlegt álag er vinnuverndarmál. Of mikið álag / kröfur getur verið streituvaldandi.

#### 2. Félagslegir/andlegir þættir

Fjöldi = 17

Álag á vinnustað getur leitt til eineltis eða vandamála í félagslegum aðbúnaði. Álag á vinnustað getur verið stór þáttur í veikindum, streituvaldandi og almennt neikvæð áhrif. Getur leitt til erfiðleika í einkalífi.

#### 3. Stjórnendur/stjórnun

Fjöldi = 8

Þátttakendur voru almennt sammála um mikilvægi þess að hafa góða stjórnun á vinnustað, að stjórnendur væru hæfir til þess að stjórna. Álag á vinnustað getur leitt til versnandi stjórnunar. Virkja starfsfólk við stjórnun, kenna streitustjórnun, verklagsstjórnun. Mikilvægt er að stjórnendur tryggi það að starfsmenn fái léttitæki og noti þau.

#### 4. Húsnæði/opið rými

Fjöldi = 1

Mikið áreiti er í opnum rýmum og veldur það álagi.

#### 5. Lög og reglur

Fjöldi = 5

Lagaumhverfi þótti sumum frekar takmarkað og vantaði skýrari reglur á sumum sviðum. Nefndu margir að í vinnuverndarlöggjöfinni þyrfti að skilgreina betur líkamlegt álag; líkamsbeitingu; streitu. Tímabært að endurskoða vinnuverndarlöggjöfina og ákvæði um viðurlög t.d. varðandi einelti og ótilhlýðilega háttsemi.

#### 6. Eftirlit

Fjöldi = 3

Nefnt var að álag á vinnustað er vinnuverndarmál. Það þarf að framfylgja þeim reglum sem eru settar og gefa ekki afslátt af aðbúnaði hjá fyrirtækjum. Álag hefur aukist á eftirlitsmönnum vegna niðurskurðar.

## 7. Fræðsla

Fjöldi = 6

Fræðsla um vinnuverndarmál er mikilvæg - hvert eiga lítil fyrirtæki að leita? Mikilvægt er að bjóða upp á góða fræðslu um vinnuvernd og auðvelda aðgengi að fræðslu, hvort sem er efni á heimasíðu Vinnueftirlitsins eða námskeið. Það var líka bent á að einstaklingur bæri sjálfur ábyrgð á að sækja sér námskeið en öðrum fannst að það væri stjórnandans að bjóða upp á viðeigandi fræðslu.

## 8. Vinnutími/hvíldartími

Fjöldi = 4

Rætt var um mikilvægi þess að virða hvíldartíma og fólk sem ynni vaktavinnu ætti að hafa vinnuviku sem væri styttri en 40 stundir vegna álags af vaktavinnunni. Það var líka bent á að stytta vinnuvikuna og draga úr yfirvinnu.

## 9. Líkamlegt álag

Fjöldi = 6

Vinnuaðstaða og léttitæki skipta máli þegar kemur að líkamlegu álagi. Mikilvægt er að reyna að draga úr álagi með því að tryggja gott vinnuskipulag og léttitæki þegar það á við. Líkamlegt álag getur leitt til atvinnutengdra sjúkdóma og álagseinkenna.

## 10. Upplýsingatækni

Fjöldi = 5

Mikið er um áreiti vegna t.d. tölvusamskipta í gegnum tölvupóst, sími getur valdið áreiti. Dæmi um áreiti er þegar sendur er tölvupóstur með fyrirspurn og þarf að svara þeirri fyrirspurn innan sólarhrings eða fyrr. Ef það er mikið um fyrirspurnir þá veldur það miklu álagi. Nefnt var áreiti af símanum sem lýkur ekki þegar vinnudegi lýkur, alltaf hægt að hafa samband. Sumir starfsmenn þurfa að vera aðgengilegir allan sólarhringinn og hafa kveikt á símanum. Erfiðir viðskiptavinir geta valdið álagi. Tungumálaerfiðleikar geta valdið erfiðleikum, t.d. misskilningur milli manna.

### ***E-2: Hvernig eigum við að bregðast við atvinnusjúkdómum?***

#### **1. Forvarnir**

Fjöldi = 21

Nokkrir nefndu mikilvægi þess að veita fræðslu, t.d. nýliðafræðslu um mögulegar hættur sem fylgja starfinu. Vinnustaðamenning hefur mikið að segja um öryggi og forvarnir. Regluleg fræðsla, heimsóknir sérfræðinga um vinnusvæðið t.d. iðjuþjálfarar, getur hjálpað mikið í sambandi við atvinnusjúkdóma. Aðlaga þarf vinnuaðstæður að þörfum starfsmannsins en ekki starfsmanninn að lélegum vinnuaðstæðum. Með góðri líkamsbeitingu og góðri vinnuaðstöðu er hægt að koma í veg fyrir álagsmein. Það þarf að skilgreina atvinnusjúkdóma og innleiða vinnuferli sem draga úr neikvæðum áhrifum atvinnu á heilsu. Skýrar starfslýsingar geta verið forvörn.

#### **2. Stjórnun/skipulag**

Fjöldi = 15

Góð stjórnun er lykilatriði - réttur aðbúnaður og þjálfun. Skilvirk starfsmannasamtöl og það að taka tillit til óska starfsmanna geta dregið úr áhrifum atvinnusjúkdóma. Stjórnandi getur dregið úr álagi á vinnutað með því að tryggja gott starfsumhverfi bæði hvað varðar líkamlega og félagslega þáttinn.

### **3. Rannsóknir**

Fjöldi = 10

Mikilvægt er að nýta þekkingu erlendis frá en einnig að rannsaka hugsanlega séríslenskar aðstæður. Efla þarf rannsóknir, virkja háskólasamfélagið og hafa samvinnu um forvarnir og rannsóknir en það vantar meiri þekkingu um atvinnusjúkdóma. Það þarf að vinna að viðurkenningu á sálfélagslegum álagsþáttum.

### **4. Fræðsla**

Fjöldi = 6

Fræða þarf starfsfólk um einkenni atvinnusjúkdóma og varnir, t.d. notkun persónuhlífa. Það þarf líka að kenna rétta líkamsbeitingu.

### **5. Endurhæfing**

Fjöldi = 5

Það er samfélagsleg ábyrgð að koma fólki aftur til starfa svo fljótt sem verða má eftir að starfsmaður greinist með atvinnusjúkdóm. Bæta þarf úrræðin svo að starfsmaður komist aftur til starfa. Bæta þarf starfsumhverfi, efla stjórnun, auka þekkingu og vitund starfsfólks. Símat, umhyggja, forvarnir, endurhæfing.

### **6. Skráning**

Fjöldi = 4

Það vantar lista yfir atvinnusjúkdóma. Skilgreina þarf atvinnusjúkdóma og setja niður verkferla sem leiða til þess að gripið sé fyrir inn í og fólk sé ekki bara sent heim í veikindaleyfi.

### **7. Lög og reglugerðir**

Fjöldi = 3

Þörf er á strangari löggjöf/ reglugerð um atvinnusjúkdóma.

## F: Vinnuslys – núll-slysastefna

### F-1: 0-slysa stefna sem raunhæft markmið í vinnuvernd

- Núll slysastefna í vinnuvernd er háð því að forvarnir séu í góðu lagi. Ekki nægir að horfa einvörðungu á slys heldur einnig á atvinnutengd álagseinkenni og sjúkdóma. Hún krefst viðhorfsbreytinga og kallar á að náð sé til hvers og eins starfsmanns sem upplifi að þetta sé hans mál og til góða fyrir hann. Stefnan kallar á aukna nýliðafræðslu en nemar og óvanir eru þeir sem verða helst fyrir óhöppum.
- Núll-slysastefnan kallar á að víðtækt áhættumat sé gert sem taki mið af heildstæðu áhættumati fyrirtækisins á öllum sviðum. Til staðar sé verkfærakista fyrir fyrirtæki til að auka gæði og vinnuferla samhliða fyrirbyggjandi eftirliti með viðeigandi regluverki. Þá þurfa skilgreiningar á slysum og atvikum að vera skýrar og hugað að samræmingu með tilliti til þarfa mismunandi atvinnugreina. Einnig þarf að skilgreina hlutverk og ábyrgð stjórnenda og starfsmanna sem og hlutverk stéttarfélaga og hagsmunaaðila. Sértek fræðsla um eðli slysa og atvika sem ógna heilsu í vinnu er nauðsynleg.
- Kallað er eftir eftirliti Vinnueftirlitsins og eftirfylgd vegna fjarveru frá vinnu, með skráningu óhappa og atvika sem og viðeigandi tilkynningu um slys til Vinnueftirlitsins þannig að læra megi af reynslunni. Vinnueftirlitið leggi áherslu á að fólk taki enga áhættu í störfum og tryggi réttarvernd starfsmanna sem kvarta yfir vinnuaðstöðu. Skýrt þarf að vera hvenær starfsfólk hefur heimild til að stoppa vinnu ef aðstæður eru óviðunandi. Nauðsynleg eru gagnvirkari samskipti Vinnueftirlits, fyrirtækja og starfsmanna.
- Núll slysastefna er eina siðferðislega rétta nálgunin, ekki hægt að verja önnur markmið. Hún krefst þess að innviðir séu byggðir upp með aðkomu allra því að án þeirra duga lög og reglur ekki.
- Tengja þarf saman framtíðarsýn fyrirtækisins, gildi og áhættumat og almennt vinnuverndarstarf fyrirtækisins samhliða því að stjórnendur og eigendur sýni gott fordæmi á öllum sviðum vinnuverndar. Ganga þarf eftir því að öll fyrirtæki geri áhættumat og stjórnendur þeirra hafi viðeigandi þekkingu samhliða því að starfsmenn séu upplýstir um stefnuna, skráningu atvika og áhættur.

Mikilvægt er að tryggja stuðning stjórnenda við stefnuna og kynna fjárhagslegan ávinning af henni. Auka þarf metnað vinnuveitenda og launþega og hvetja starfsmenn til sjálfsábyrgðar. Ánægja starfsmanna ýtir undir öryggi þeirra. Skoða þarf útfærslu og skipulag fyrirtækja enda gilda ekki sömu lausnir í öllum tilvikum.

- Allnokkrir telja núll - sýn ekki raunhæfa, og vilja frekar stefna að fækkun slysa með tölulegum markmiðum t.d. fækkun slysa um 20-25% til 2020.
- Þá er horft til þess að núll-slysasýn getur leitt til þess að starfsmenn skrái ekki atvik eða slys og jafnframt að kostnaður gæti borið stefnuna ofurliði.

#### Skipting miða:

- 18 miðar lúta að forvörnum
- 14 að reglugerðum og opinberum aðilum
- 2 að reglugerðum og fyrirtækjum
- 7 beint að fyrirtækjum
- 10 að markmiðið sé ekki raunhæft eða vandunnið
- 18 ýmsar athugasemdir



## **F-2: Ábyrgð aðila í slysavörnum**

### **Stjórnendur**

Stjórnendur bera ábyrgð á að sinna viðeigandi fræðslu til starfsmanna og leiða forvarnarstarf á sínum vinnustað. Þeir þurfa að tryggja upplýsingaflæði milli allra aðila á vinnustaðnum og vera sýnilegir og til staðar í slysavörnum og fylgjast með gæðum vinnuverndarstarfsins.

Atvinnurekandi ber þannig ábyrgð á að fyllsta öryggis sé gætt og þarf að geta borið fjárhagslega ábyrgð á því starfi og afleiðingum þess þegar slys verða. Stjórnendur verða að hafa næga þekkingu til þess að sinna slysavörnum. Þeir þurfa að virkja starfsfólk sitt með viðeigandi hvatningu, bera ábyrgð á öllu starfsumhverfi og tryggja vellíðan starfsmanna eins og frekast er unnt. Þeir verða að sjá til þess að viðeigandi, fræðsla og búnaður, þ.m.t. persónuhlífar séu til staðar og ekki líða starfsmönnum áhættu hegðun. Einnig er nauðsynlegt að öryggistrúnaðarmenn/verðir hafi tækifæri til að sinna forvarnarstarfi. Jafnframt þarf að tryggja að næsti yfirmaður sem og aðrir starfsmenn kunni að bregðast við ef slys verður.

### **Starfsmenn**

Þó að ábyrgð stjórnenda sé skýr, þarf að kalla eftir skýrari ábyrgð starfsmanna varðandi viðeigandi vinnubrögð við tæki og búnað og einnig ábyrgð gagnvart samstarfsmönnum. Þetta kallar á að meira tillit sé tekið til tillagna og óska starfsmanna um úrbætur á sviði slysavarna. Stéttarfélag þyrftu að sameinast um skýrari kröfur um ábyrgð aðila.

### **Hið opinbera**

Hið opinbera þarf að ganga eftir því að reglur séu skýrari varðandi ábyrgð og tryggt sé frá fyrsta starfsdegi eða fyrsta degi verks hver ber ábyrgð á að reglum sé fylgt. Reglur þarf að setja um samþættingu vinnu og forvarna frá aðilum vinnumarkaðarins.

Samhliða þessu er mikilvægt að upplýsa um eðli og kostnað vegna veikinda og slysa og birta tölur sem sýna eftirfylgni eftir atvik og ávinning úrbóta.

### **Vinnueftirlitið**

Nauðsynlegt er að Vinnueftirlitið sé eftt til að fylgja eftir málum og treysta samstarf þess við atvinnulífið t.d. með myndun vettvangs fyrir skoðanaskipti öryggistrúnaðarmanna og -varða.

### **Fræðsluaðilar - fræðsla**

Jafnframt þessu þarf að efla fræðslu um eðli slysa og ábyrgð aðila og mögulega nota fyrirmynd eins og Slysavarnarskóla sjómanna til að byggja upp slysavarnarskóla atvinnulífsins. Þá þarf að leggja áherslu á að fræðsla sé ekki síður hjá einkaaðilum en hinu opinbera.

Átak þarf í fræðslu um vinnuvernd jafnt hjá einkafyrirtækjum sem Vinnueftirlitinu.

Koma þarf á framfæri upplýsingum um réttarstöðu slasaðra og að slysavarnir séu hluti af góðum aðbúnaði á vinnustöðum þar sem starfsmaður sé vel hvíldur, nærður og búinn við góða líðan.

### **Samfélagsleg ábyrgð**

Kalla þarf eftir samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og einstaklinga með bættri menningu, samkennd með samstarfsfólki og hvatningu til að koma með úrbótatillögur. Íhuga má hvort stofnanir/fyrirtæki verði verðlaunuð fyrir að ná niður fjölda atvika eða vegna góðs vinnuverndarstarfs.

Vinnueftirlitið fylgi því eftir að forvarnarstarfi sé sinnt.

### Skipting miða:

- 15 miðar lúta að hlut fyrirtækja
- 16 miðar lúta að hlut hins opinbera
- 9 fyrirtæki og starfsmaður
- 8 miðar að starfsmanni
- 23 miðar annað

## **Frjálsar umræður á borðum A-F**

### **A . Borð um samstarf atvinnulífs og Vinnueftirlits**

- Iðnaðarmenn sem fara til Noregs er strax kennt að gera áhættumat. Hér á landi veita fáir hvað það er.
- Innleiða þarf áhættumat en ekki bara setja það á blað.
- Starfsmenn þurfa að vera vakandi fyrir öryggi í vinnunni og gera kröfur þar um ef því er ábótavant.
- Núllslysastefna fyrirtækja getur leitt til þess að reynt sé að fela slysin.
- Skoða og samræma slysatíðni en ekki bara fjölda slysa.
- Leggja þarf áherslu á stjórnunarhætti í sambandi við forvarnir.
- Búa til gagnvirka hópa á heimasíðunni
- Leggja þarf rækt við mikilvægi forvarna og að þær borgi sig.
- Ekki eru allir sammála um að draga fram slysalaus fyrirtæki því fyrirtæki gætu falið slys.
- Auka vægi almenningsfræðslu með auglýsingum.
- Vinna eftir núll slysa stefnu.
- Gott að geta sagt starfsmönnum sem sækja um starf að fyrirtækið sé með núll slysa stefnu.
- Stefnt skal að því að gera fyrirtækin sjálfstæðari í sínu vinnuverndarstarfi.
- Ekki er gott fyrir fyrirtæki að vera einangrað út í horni. Fyrirtæki með svipaðan rekstur ættu að starfa saman. Allir í þeim geira gætu samnýtt vinnuna sem færi fram. Þau gætu lært hvert öðru.
- Netverk hjá norskum bændum skilar góðu starfi. Menn greiða gjald og fá ákv. þjónustu fyrir. Fræðsla, mælingar, brunavarnir. Bændur reka þetta sjálfir.
- Fyrirtæki sem grúppa sig saman væru vænlegir kostir og líklegir til að gera gagn.
- Fræðsla um vinnuvernd og öryggisnefnd þarf að vera fyrir hendi þegar byrjað er á verki.
- Við þurfum að sjá atvinnurekendur meira leiðandi í vinnuverndarstarfi. T.d. búa til leiðbeiningar á pólsku.
- Gera meiri kröfur til útlendinga um að þeir skilji leiðbeiningar á íslensku.
- Fyrirmyndarfyirtæki eru til en hvað með að draga fram slysalaus fyrirtæki?
- Sýna að tekið sé eftir góðu vinnuverndarstarfi í fyrirtækjum.

### **B. Borð um eflingu áhuga og vitund um mikilvægi vinnuverndar**

- Ábyrgð atvinnurekanda með tilliti til skaðabóta
- Bæta eftirfylgni hjá atvinnurekendum að allir séu með próf á viðkomandi tæki sem unnið er við.
- Gera fleiri áhættumöt, atvinnurekendur þurfa að vera metnaðarfullri að gera áhættumat.
- Skerpa á öryggismálum og áhættumati hjá iðnaðarmönnum, t.d. varðandi hlífarbúnað við tæki. Mörgum hefur ofboðið að sjá iðnaðarmenn að vinnu. Þörf á að breyta hugsun hjá þeim varðandi öryggi á vinnustað, hlífðarbúnað ásamt fleiru.
- Þörf er á að skerpa á eftirliti á sálfélagslegu eftirliti, einelti, efla geðrækt, alveg eins og öðru eftirliti, svo sem líkamlegu.
- Ekki til nægilega mikið af einföldu, aðgengilegu fræðsluefni. Nauðsynlegt að til séu einfaldar og aðgengilegar upplýsingar.

- Samstarf Vinnueftirlits við annað eftirlit og aðra hagsmunaaðila með tilliti til heildarmyndarinnar, sérstaklega þegar fyrirtæki/stofnanir eru flóknar. Vinnustaðaeftirlit, stéttarfélög og Vinnueftirlit vinni saman og fari jafnvel saman í eftirlit.
- Gera góðan árangur í vinnuvernd sýnilegan. Votta árangur í ýmsum þáttum. Nota broskarla með hjálm. Hugsanlega sé hægt að sækja um broskar.
- Tryggingafélög sameinist með hagsmunaaðilum til að vinna að bættri vinnuvernd með sparnað allra aðila í huga

### **C. Borð um skipulag vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.**

- Leitt að sjá hve fáir eru frá sveitarfélögunum sóttu ráðstefnuna, þetta eru stórir vinnustaðir þörf er brýn á góðu vinnuverndarstarfi.
  - o Skipulagið er ekki í nægilega góðu standi hjá sveitarfélögum, hvetja þarf þau og láta fá meiri upplýsingar um vinnuvernd.
  - o Fræðsla verði aðgengilegri fyrir sveitarfélög svo að það verði augað koma sínu fólki á námskeið.
  - o Þarf að gera betur.
- Vinnuslys eru ekki alltaf tilkynnt til VER, einfalda þarf skráningu á slysaskýrslum til að hvetja til þess að fleiri tilkynni þau.
- Ekki endilega mikil munur á milli höfuðborgar og sveitarfélaga hvað varðar slys og tíðni þeirra.
- Hrósa vinnustaðaeftirliti í Hveragerði fyrir að koma vel fram og vera hjálplega á alla vegu.
- Talað um námskeiðshald sérstaklega út á landi, þarf að vera möguleiki á að halda námskeið jafnvel fyrir fáa nemendur jafnvel færri en tíu
- Kostnaði verði að halda í lágmarki, vinnuveitendur spá í kostnað
- Fjármuni til vinnuverndar, auka þurfi þá hjá fyrirtækjum og stofnunum. Koma þeim skilaboðum á framfæri að vinnuvernd borgi sig.
- Leitað hefur verið eftir því hjá Vinnueftirlitið einfaldi námskeið sín, ekki rætt með hvaða hætti en umræðan var á þann veg að stutt námskeið með sérhæfingu gætu verið skilvirkari.
- Vinnuvélaréttindi verða að vera til staðar.
- Hugsu um öryggi
- Fíkniefnapróf; umræða um þau og með hvaða hætti væri hægt að koma flestir í hópnum að rétt væri að leyfa slíkt þó með reglum um hvernig því væri háttað.
- Áhættumat. Skilar ekki árangri. Alltof flókið. Einfalda það svo menn séu ekki bara að gera þetta eftir sínu höfði.

### **D. Borð um áhættumat á vinnustað**

- Vitund um slysaskráningu. Vinnureglur stjórnenda . Úrbótakröfur vegna áhættumats. Næstum því slys mikilvæg. Dæmisögur mættu vera fleiri.
- Miðlun. Taka inn eldhættu og rýmingar leiða í áhættumat þó skörun sé hvað reglugerðir varðar. Gefa öryggisfulltrúa séns á að taka þátt í heimsóknum, sem myndi leiða til betri þekkingar og úrlausna á þeim vandamálum sem við er að eiga. Úttektir gerðar reglulega og kallað eftir ábendingum starfsmanna. Tillögukerfi með lágmarkskröfum og verðlaunað eftir virkni, sem kallar á aukna virkni starfsmanna. Verðlaun fyrir þær tillögur sem sparar pening og eykur öryggi. Auka og áherslu á umræðu núllslysastefnu. Taka Umferðastofu til fyrirmyndar og auka áróður og auglýsingar!!!! Benda á hugsanlega slyshættur til þriðja aðila t.d sveitarfélög.
- Til að hægt sé að nýta námskeið og fróðleik frá VER fyrir alla starfsmenn þá þarf aukinn fjölda tungumála í námsefni. Vinnuvélanámskeið eru t.d. ekki til á ensku.

- Atvinnusjúkdómar og líkamlegt og andlegt álag. Skráningu á atvinnusjúkdómum þyrfti að bæta. – Skylduskráning
- Skilgreiningu atvinnusjúkdóma þarf e.t.v. að endurskoða og bæta.
- Samþætta starf félagslegra trúnaðarmanna og öryggistrúnaðarmanna og –nefnda.
- Efasemdir eru um að slys á leið til og frá vinnu eigi heima sem vinnuslys.
- Það vantar það samfélagslega inn í vinnuverndina, þ.e.a.s að setja alla samfélagslegu þættina inn í alla þessa umræðu um stefnumótun. Fyrirtæki sleppa mikið varðandi einelti og vilja helst ekki tengja það þegar mikið er um vinnuslys á vinnustöðum.
- Mikið er um einelti sé tabú á vinnustöðum, og skilningur er mjög lítill. Það vantar að kynna einelti betur og að klára reglugerðina. Stjórnendur kunna ekki að höndla einelti. Það þarf að efla stjórnendur varðandi einelti á vinnustöðum. Vinnuálag er mikið og þunglindi og kvíði eru þættir sem verður að taka inn í vinnuendina.

### ***F. Borð um núll-slys og ábyrgð***

- Eyðublaðið um slysatilkynningar er mjög óaðgengilegt á heimasíðunni og með allt of smáu lettri.
- Skylda ætti að vera að meta andlega áhættuþætti og hafa skýra stefnu í þeim efnum. Leggja ber mikla áherslu á það í stefnumótun og gera þannig félagslegum aðbúnaði hærra undir höfði. Mælikvarði varðandi vinnuálag og streitu þarf að liggja fyrir og kalla þarf eftir mælingum frá ýmsum starfsstéttum. Horfast þarf í augu við að mörg fyrirtæki vilja ekki mæla einelti og andlega líðan.
- Áhættumatið sé víðtækt og nái líka yfir störf sem ekki teljast „hættuleg“ heldur eiga við um stoðkerfisvandamál og andleg vandamál. Uppfærsla áhættumats sé gerð reglulega og svo þegar aðstæður breytast.
- Vinnueftirlitið verði gert að samstarfsaðila en sé ekki eftirlitsaðili (grýla).
- Heimildir Vinnueftirlitsins til að ganga í mál og ljúka þeim ættu að vera skýrari (sbr. álagstengda vinnu starfsmanna).
- Skoða þarf atvinnusjúkdómama, umræðan er óljós, skilgreiningar vantar, réttindin óljós og niðurstaðan er oft erfiður málarekstur aðila. Ósamræmi í skilgreiningum milli stofnana. Réttarstaða sjúklinga óviss, spurning um að snúa við sönnunarbyrði þ.e. að atvinnurekandi sanni að hann hafi ekki valdið sjúkdómi.